

185
4. nóv.

S A M Þ Y K K T

um veiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Silungur annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 15. júlí til 15. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt er að hirða silung, sem veiddur er á stöng og minni er en 20 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu.

3. gr.

Óheimilt er að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot, og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.25 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 112/1941, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og gildir í fimm ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

186
7. nóv.

A U G L Ý S I N G

um breyting á reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat og fleira.

77. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kjöt af folöldum skal merkja Fo I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel útlítandi, en Fo II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af tryppum á aldrinum 1—5 vetra, skal merkja Tr I, séu skrokkarnir vel útlítandi og hæfilega feitir, en Tr II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af hrossum á aldrinum 6—9 vetra, skal merkja Hr I, ef skrokkarnir eru vel útlítandi og hæfilega feitir.

Kjöt af hrossum 10—15 vetra, skal merkja Hr II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi og ekki of feitir.